



2. tbl. 2. árg. 25. feb. 2004



Milljón á mann

Alþingismenn komu umræðum um lífeyrismál á dagskrá með frægri lagasetningu skömmu fyrir jól. Þessi aðgerð dró athygli landsmanna að því gríðarlega misræmi sem er meðal launafólks eftir því hvort það er í almennum lífeyrissjóði eða í lífeyrissjóði með bakábyrgð launagreiðanda – eins og alþingismenn.

Í framhaldinu hefur Alpýðusambandið lagt mat á tryggingarfræðilegar úttektir á opinbera lífeyriskerfinu. Þar kemur skýrt fram hverjar skuldbindingar ríkissjóðs og sveitarsjóða í þessu sambandi eru. Skuldir umfram eignir þessara sjóða eru 317 milljarðar króna í árslok 2002.

Það jafngildir því að hver Íslendingur skuldi ríflega eina milljón vegna þessara réttinda. Ef skuldbindingin yrði sett á 40 ára skulda bréf (líkt og húsbref) yrði greiðslubyrðin hjá fjögurra manna fjölskyldu ríflega 239 þúsund króna á ári, eða sem svarar um 4,8% af meðalatvinnutekjum hjóna. [Sjá nánar](#)

Ritstjóri:
Guðmundur Rúnar Árnason

Ábyrgðarmaður:
Grétar Þorsteinsson



Þróun mjólkurframleiðslu taki mið af hagsmunum neytenda og framleiðenda

Ein af niðurstöðum hinnar svokölluðu „mjólkurnefndar“, sem skilaði frá sér niðurstöðum til landbúnaðarráðherra á mánudag, var að á síðustu árum hefði ávinningur af hagræðingu í mjólkurframleiðslu fyrst og fremst runnið til eigenda afurðastöðva, en síður til neytenda. Í ljósi þessa setti nefndin fram tillögu um að tryggd yrði að á þessu yrði breyting og hlutur neytenda bættur.

Nefndin var skipuð fulltrúum stjórnvalda, bænda, afurðastöðva og aðila vinnumarkaðarins. Afstaða fulltrúa Alpýðusambandsins í nefndinni grundvallaðist á því sjónarmiði að þróun mjólkurframleiðslu á Íslandi skyldi bæði taka mið af hagsmunum neytenda og mjólkurframleiðenda.

Sláandi niðurstöður

Nefndin komst að því að síðan 1998 hefði talsverð hagræðing átt sér stað í mjólkurframleiðslu á Íslandi. Ávinningurinn af hagræðingunni hefði þó nær allur runnið til eigenda afurðastöðva. Samanlagður árlegur hagnaður þeirra er 100-500 m.kr. Ríflega helmingur þessa hagnaðar var greiddur til innleggjenda sem arður og hitt bættist við ríflegt eigið fé mjólkurstöðvanna. Það vekur sérstaka athygli að fyrrverandi eigendur Mjólkursamlags KEA komust upp með það fyrir nokkrum árum að taka eignir út úr greininni fyrir meira en hálfan milljarð.

Á sama tíma hafa skattgreiðendur og neytendur þurft að bera nánast sömu byrði vegna mjólkurframleiðslu í landinu. Styrkir úr ríkissjóði til atvinnugreinarinnar hafa t.d. hækkað um 3,1% að raungildi. Þá hefur heildsölu- og

smásöluverð mjólkurafurða hækkað nokkurn veginn jafnmikið og almennt verðlag (og um leið mun meira en matur og drykkjarvörur almennt). Þó ber að geta þess, að um síðustu áramót ákvað verðlagsnefnd búvara að hækka ekki heildsöluverð á mjólk, sem þýðir að mjólk hefur ekki hækkað í rúmt ár.

Tillögur um úrbætur

Þegar þessar niðurstöður lágu fyrir, óskaði ASÍ eftir því að í tillögum mjólkurnefndarinnar yrði lögð áhersla á að hlutur neytenda yrði bættur á næstu árum. Nefndin varð við þessum óskum og helgaði einn kafla í tillögum sínum hagsmunum neytenda. Í tillögum nefndarinnar koma m.a. eftirfarandi efnisatriði fram:

- Búast má við því að á komandi árum muni alþjóðlegur þrýstingur leiða til þess að tollar á landbúnaðarafurðum lækki og innflutningsmöguleikar aukist (sbr. kafli 8.2 mgr. 3 í skýrslu nefndarinnar).
- Til að tryggja samkeppnisstöðu íslensku mjólkurvaranna er nauðsynlegt að tryggja að neytendur njóti með beinum hætti ávinningshagræðingaraðgerða í mjólkuriðnaðinum (sbr. kafli 8.6 mgr. 2).
- Til að stuðla að auknu aðhaldi með afurðastöðvum verði gerð hagræðingarkrafa á vinnlustöðvar og/eða því verði náð í gegnum lækkun innflutningstolla (sbr. kafli 8.5 mgr. 1).
- Fulltrúar samtaka launafólks komi að eftirliti með verðlagningu mjólkurafurða (sbr. kafli 8.6 mgr. 2).
- Nauðsynlegt er að koma í veg fyrir að eigið fé afurðastöðva sé tekið út úr greininni og sett í óskyldan rekstur (sbr. kafli 8.2 mgr. 3).

[Sjá nánar](#)



Skipting kökunnar

Hvernig er verðmætum sem verða til í landinu skipt á milli landsmanna?

Einn mælikvarði á skiptingu þjóðarkökunnar er svokallað „launahlutfall“. Launahlutfallið segir til um hve stór hluti af virðisaukanum sem verður til í hagkerfinu rennur til launafólks, sem laun og launatengd gjöld. Þeim hlut af virðisaukanum sem ekki rennur til launafólks, halda fyrirtæki og stofnanir eftir sem vergum rekstrarafgangi til að mæta afskriftum og fjármagnsgjöldum. Launahlutfallið er reyndar ekki reiknað beint af virðisaukanum heldur af svokölluðum „vergum þáttatekjum“ sem er virðisaukinn að viðbættum framleiðslustyrkjum en að frádregnum óbeinum sköttum.


Síðustu þrjú áratugi var launahlutfallið á Íslandi að meðaltali rúmlega 62% (sjá Mynd 1). Árið 1991 var hlutfallið mjög nálægt meðaltalinu. Árin 1992-1997 var það undir meðaltalinu, en hefur verið yfir því síðan. Árið 2000 var það 70%. Í sögulegu og alþjóðlegu samhengi er þetta tiltölulega hátt hlutfall.

Nauðsynlegt er þó að taka tillit til þess að hlutfallið er mishátt eftir atvinnugreinum. Það er t.d. mun lægra í almenna geiranum heldur en þeim opinbera. Einnig þarf að taka tillit til þess að nýjustu áreiðanlegu gögnin til að reikna út launahlutfallið eru frá árinu 2000. Það er því ekki hægt að segja með vissu hvernig það hefur þróast síðan þá – en vísbendingar eru um að það hafi heldur lækkað, a.m.k. í almenna geiranum.

Í þessu tölublaði Vinnan.is er fjallað um launahlutfallið og þróun þess. Sjónum er beint að samanburði við önnur lönd, samanburði milli atvinnugreina og samanburði launahlutfalls á almennum vinnumarkaði og á hinum opinbera. Tímabilið sem fjallað er um er í meginatriðum tíminn síðan Þjóðarsáttarsamningarnir voru gerðir í upphafi síðasta áratugar. Þar sem gögn leyfa er farið nokkuð lengra aftur en yfirleitt er ekki hægt að fara aftur en til ársins 1991.

Sjá ítarlegri umfjöllun í greinargerð á vefnum.

Mynd 1 Launahlutfall á Íslandi 1973-2002



Heimild:
Framleiðsluuppgjör
Hagstofu Íslands.

Samanburður milli landa, geira og atvinnugreina


Árið 2000 var launahlutfallið hátt á Íslandi samanborið við meðaltalið í Evrópu (sjá Mynd 2). Almenn má segja að í löndum sem við erum vön að bera okkur saman við, sem og í mörgum mikilvægum viðskiptalöndum okkar í Norður-Evrópu, sé launahlutfallið tiltölulega hátt. Sem dæmi má nefna Svíþjóð, Danmörku, Bretland og Þýskaland. Vísbendingar eru um að síðan árið 2000 hafi munur á launahlutfalli hér og í öðrum Evrópulöndum minnkað.

Í almenna geiranum er launahlutfallið mun lægra en í þeim opinbera (sjá Mynd 3). Á tímabilinu 1991-2000 var hlutfallið að meðaltali 55,6% í almenna geiranum en 80,7 í þeim opinbera.

Á sama tímabili var launahlutfallið í almenna geiranum á Íslandi yfirleitt nokkuð hærra en í almenna geiranum í öðrum Evrópulöndum (sjá Mynd 4). Framan af var það reyndar ekki mikið hærra. Á tímabilinu 1995-2000 var það hins vegar tiltölulega hátt. Vísbendingar eru um að síðan árið 2000 hafi munur á launahlutfalli í almenna geiranum hér og í öðrum Evrópulöndum heldur minnkað.


Á Íslandi eins og í flestum öðrum löndum er launahlutfallið hátt í mannaflsfrækum atvinnugreinum eins og verslun og í opinbera geiranum (sjá Mynd 5). Það er hins vegar lágt í fjármagnsfrækum greinum eins og í fjármála- og fasteignaviðskiptum.

Mynd 2 Launahlutfall eftir löndum 2000 og 2002




Heimild: Framleiðsluuppgjör Eurostat. Aðferð: Í þessum gögnum var ekki hægt að sjá annað en að búið væri að leiðrétta fyrir mismunandi uppgjör- og flokkunar- aðferðum. Gögn fyrir Ísland árin 2001 og 2002 voru áætluð af Hagstofu Íslands. ESB 15: Evrópusambandið.

Mynd 3 Launahlutfall á Íslandi eftir geirum 1991-2002




Heimild: Framleiðsluuppgjör sem Hagstofa Íslands sendir til Eurostat. Aðferð: Í þessum gögnum var búið að endurflokka gögn frá 1991-1997 samkvæmt atvinnugreinaskiptingu sem tekin var upp 1997. Tímaraðir voru keðjutengdar og stuðst við elstu röðina sem grunn. Gögn fyrir árin 2001-2002 voru áætluð af Hagdeild ASÍ út frá gögnum Hagstofu Íslands um áætlaðar þáttatekjur og fjölda starfandi og út frá gögnum Kjararannsóknarnefndar og Kjararannsóknarnefndar opinberra starfsmanna um þróun heildarlauna. Hér er ekki tekið tillit til reiknaðrar bankaþjónustu. Launahlutfall er því ekki fyllilega samanburðarhæft við launahlutfall fyrir hagkerfið í heild.

Mynd 4 Launahlutfall eftir löndum og greinum: Almenni geirinn



Heimild: Framleiðsluuppgjör Eurostat. Aðferð: Í þessum gögnum var ekki hægt að sjá annað en að búið væri að leiðrétta fyrir mismunandi uppgjör- og flokkunaraðferðum. Gögn fyrir Ísland árin 2001 og 2002 voru áætluð af Hagdeild ASÍ út frá gögnum Hagstofu Íslands um áætlaðar þáttatekjur og fjölda starfandi og út frá gögnum Kjararannsóknarnefndar og Kjararannsóknarnefndar opinberra starfsmanna um þróun heildarlauna. Hér er ekki tekið tillit til reiknaðrar bankaþjónustu. Launahlutfall er því ekki fyllilega samanburðarhæft við launahlutfall fyrir hagkerfið í heild. Gögn sem brotin eru niður eftir löndum og atvinnugreinum eru þeim annmarka háð að reikna þarf launahlutfall út frá vinnsluvirði á grunnvirði í stað vergra þáttatekna. ESB 15: Evrópusambandið.

Mynd 5 Launahlutfall eftir atvinnugreinum 2000 og 2002



Heimild: Framleiðsluuppgjör sem Hagstofa Íslands sendir til Eurostat. Aðferð: Í þessum gögnum var búið að endurflokka gögn frá 1991-1997 samkvæmt atvinnugreinaskiptingu sem tekin var upp 1997. Tímaraðir voru keðjutengdar og stuðst við elstu röðina sem grunn. Gögn fyrir árin 2001-2002 voru áætluð af Hagdeild ASÍ út frá gögnum Hagstofu Íslands um áætlaðar þáttatekjur og fjölda starfandi og út frá gögnum Kjararannsóknarnefndar og Kjararannsóknarnefndar opinberra starfsmanna um þróun heildarlauna. Hér er ekki tekið tillit til reiknaðrar bankaþjónustu. Launahlutfall er því ekki fulllega samanburðarhæft við launahlutfall fyrir hagkerfið í heild. Frumvinnsla: Landbúnaður og útvegur. Iðnaður og veitur: Iðnaður og veitur, þar með talinn fiskiðnaður. Viðskipti: Fjármálaþjónusta, fasteignaviðskipti, viðskiptaþjónusta. Verslun: Verslun og viðgerðir, hótél og veitingastaðir, flutningar, fjarskipti og pósthjónusta.

Vísbendingar um að launahlutfallið hafi lækkað síðan 2000

Til að útskýra þróun launahlutfallsins í almenna geiranum er gagnlegt að skoða hvernig þeir grunnþættir sem hlutfallið er reiknað út frá hafa verið að breytast á tímabilinu 1991-2002, laun og launatengd gjöld og vergur rekstrarafgangur.

Í ljós kemur að laun og launatengd gjöld stóðu nokkurn veginn í stað – allt til ársins 1994 en jukust tiltölulega jafnt eftir það. Vísbendingar eru um að árið 2002 hafi dregið úr aukningunni. Jöfn aukning launa og launatengdra gjalda í almenna geiranum eftir árið 1994 kemur fram í jafnri aukningu launavísitölu á sama tímabili. Á tímabilinu 1991-2000 jukust vergar þáttatekjur á hvern starfandi mann meira en laun. Þetta gefur til kynna að laun hafi ekki hækkað óeðlilega mikið. Vísbendingar eru um að þessi þróun hafi haldið áfram árin 2001 og 2002. Ef áætlanir um viðsnúning í hagkerfinu, mikinn hagvöxt og litlar breytingar á fjölda starfandi árið 2003 reynast réttar þá má búast við því að þessi þróun hafi einnig haldið áfram það ár.

Rekstrarafgangur var hins vegar mjög óstöðugur á tímabilinu. Framan af, meðan laun stóðu í stað, jókst hann verulega, en eftir það hefur hann yfirleitt ekki hækkað jafn mikið og laun og launatengd gjöld. Samt sem áður eru vísbendingar um að árin 2001 og 2002 hafi hann hækkað meira en laun og tengd gjöld. Óstöðugleiki í rekstrarafkomu fyrirtækja má að einhverju leyti skýra með því að eftir að laun höfðu lítið breyst á tímabilinu 1991-1994 byrjuðu þau loks að hækka árið 1995. Þá má vera að mikil aukning í fjölda starfandi á árunum 1998 og 1999 hafi dregið úr framleiðni og þar með minnkað rekstrarafgang. Loks er ljóst að mörg íslensk fyrirtæki eru mjög háð gengisþróun. Lítil aukning rekstrarafgangs á tímabilinu 1995-1999 fer saman við tímabil styrkingar krónunnar. Mikil aukning árið 2001 fer hins vegar saman við fall krónunnar það ár.

Þróunin síðustu ár

Hugsanlegt er að á tímabili samdráttar hér á landi, 1991-1994, hafi minnkandi atvinnustig leitt til þess að meðalframleiðni vinnuafis jókst á sama tíma og laun stóðu í stað sem aftur hafi leitt til lækkunar á launahlutfallinu. Þá má vera að lækkandi gengi krónunnar hafa átt þátt í því að rekstrarafgangur útflutnings- og samkeppnisfyrirtækja jókst með þeim afleiðingum að launahlutfallið lækkaði.

Í þenslunni, 1995-2000, getur aftur á móti verið að aukin atvinnuþátttaka og atvinnustig hafi leitt til þess að meðalframleiðni vinnuafis hafi minnkað um skeið á sama tíma og laun héldu áfram að hækka sem aftur hafi leitt til hækkunar á launahlutfallinu. Þá má vera að hátt gengi hafi dregið úr rekstrarafgangi margra fyrirtækja með þeim afleiðingum að launahlutfallið hækkaði.

Vísbendingar um auknar þáttatekjur á hvern starfandi mann eftir árið 2000 ásamt leiðréttingu á gengi krónunnar gætu skýrt lækkun á launahlutfallinu í almenna geiranum á allra síðustu árunum.

Þegar litið er yfir allt tímabilið 1991-2002 þá er ljóst að nokkur breyting hefur átt sér stað í atvinnuuppbyggingu hér á landi. Þannig hefur t.d. hlutfall þeirra sem starfa í frumvinnslu lækkað en hlutfall þeirra sem starfa í verslun og þjónustu aukist. Á sama tíma hafa átt sér stað talsverðar breytingar á starfsumhverfi fyrirtækja. Nægir hér að nefna skattalækkanir og aðgang að erlendu fjármagni. Ekki er fullljóst hver heildaráhrif af þessum breytingum í atvinnuuppbyggingu og starfsumhverfi fyrirtækja ættu að vera á launahlutfallið. Hlutfallsleg fjölgun launafólks og fólks sem starfar í verslun (þar sem launahlutfallið er hátt) ætti að stuðla að hækkun þess. Hlutfallsleg fjölgun fólks sem starfar í viðskiptum (þar sem launahlutfallið er tiltölulega lágt) ætti hins vegar að stuðla að lækkun þess. Breytingar eins og skattalækkanir til fyrirtækja og greiðari aðgangur þeirra að erlendu fjármagni ættu að hafa aukið getu þeirra til að standa undir háu launahlutfalli.